Umhverfis- og samgöngunefnd

*Sent með tölvupósti.*

Reykjavík, 6. febrúar 2020

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álftir og gæsastofna á Íslandi, 203. mál.**
*Tilv. 202002-0004*

Bændasamtök Íslands fengu senda til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stjórnar- og verndaráætlun fyrir álftir og gæsastofna á íslandi, 203. mál, með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis þann 23. janúar sl. Bændasamtökin hafa farið yfir efni tillögunnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

Samtökin telja mikilvægt að tryggja vernd álftastofnsins og allra gæsastofna á landinu með viðeigandi úrræðum. Þó er nauðsynlegt að lágmarka tjón bænda vegna ágangs álfta og gæsa til lengri tíma með skilvirkum úrræðum til að verjast ágangi á ræktarlönd. Enn fremur þarf að styrkja og skýra úrræði bænda til að fá slíkt tjón bætt, sbr. 9. gr. reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018.

Með vísan til ofangreinds styðja Bændasamtökin að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir